

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2023

Skýrsla með ársreikningi



ÍSAFJARÐARBÆR





SKÝRSLA MEÐ ÁRSREIKNINGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2024



EFNISYFIRLIT

ALMENNAR FORSENDUR	1
LAGAUMGJÖRD	1
VELFERÐARSVIÐ	2
SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS	2
ÞJÓNUSTA VELFERÐARSVIÐS	3
SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ	7
SKRIFSTOFA SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS	7
SKÓLAR	7
ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL	12
STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ	16
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	16
VERKEFNI STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐS	16
MENNINGARMÁL OG ATVINNUMÁL	19
UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ	23
SKRIFSTOFA UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐS	23
SKIPULAGSMÁL	23
BYGGINGAMÁL	24
VIÐHALD OG FRAMKVÆMDIR	24
VIÐHALD	24
ÚTBOÐ OG FRAMKVÆMDIR	25
SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR	26
STÖRF SLÖKKVILIÐS ÁRIÐ 2023	26
HAFNASJÓÐUR	28
HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR	28
FJÁRFESTINGAR	29

ALMENNAR FORSENDUR

LAGAUMGJÖRD

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2023 er lagður fram og unnin samkvæmt fyrirmælum 61. gr. [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#). Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, það er sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju. Í ársreikningi skal koma fram samanburður við ársreikning undanfarins árs, upphaflega fjárhagsáætlun ársins, og fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum. Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert. Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið. Sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki eru bókhaldsskyld og gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga. Bókhaldi sveitarfélags skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi.

Í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning sveitarfélags og í því sambandi kanna bókhaldsgögn sveitarfélagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal gera grein fyrir áliti sínu í áritun sinni á ársreikninginn. Endurskoðandi sveitarfélags skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnarsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrgja fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

VELFERÐARSVIÐ

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar hefur það hlutverk að rækja lögbundnar skyldur sveitarfélagsins á metnaðarfullan hátt með hagsmuni íbúanna í fyrirrúmi. Lögð er áhersla á að efla félagsauð samfélagsins með hvatningu til ábyrgðar og heilbrigðra lífshátta. Hlutverk velferðarsviðs er að veita íbúum Ísafjarðarbæjar leiðbeiningar og úrlausnir eftir því sem við á í þjónustu og styður við þátttöku þeirra í samfélaginu. Starfsmenn á sviðinu voru alls 136 á árinu 2023.

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag fyrir Súðavíkurbrepp í félagsþjónustu og er einnig með samning um vinnslu barnaverndarmála á 3. stigi. Það þýðir að Ísafjarðarbær veitir íbúum Súðavíkurbrepps alla sérfræðiþjónustu í félagsmálum og barnavernd.

Þá sinni Ísafjarðarbær einnig vinnslu 3. stigs mála fyrir Bolungarvíkurkaupstað árið 2023 og hefur gert óslitið frá árinu 2002. Árið 2023 vann Ísafjarðarbær þau 3. stigs mál sem upp komu á félagsþjónustusvæði Stranda og Reykhóla.

Ísafjarðarbær er einnig leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu og málefnum fatlaðs fólks á Vestfjörðum samkvæmt samningi sem öll sveitarfélög á Vestfjörðum, níu talsins, hafa gert með sér. Fjögur félagsþjónustusvæði eru á Vestfjörðum: Félagsþjónusta Stranda- og Reykhóla, félagsþjónusta Vesturbýggðar og Tálknafjarðarhrepps, félagsþjónusta Bolungarvíkurkaupstaðar og velferðarsvið Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbrepps.

	Félagsþjónusta	Þjónusta vegna 3. stigs mála	Velferðarþjónusta Vestfjarða	Gott að eldast	Samvinna vegna ofbeldismála
Ísafjarðarbær/Súðavík					
Bolungarvíkurkaupstaður					
Strandir/Reykhólar					
Vesturbýggð/Tálknafjörður					

Félagsþjónustusvæðin fjögur á Vestfjörðum og vinnsla málaflokka á forræði hvers svæðis.

Í velferðarnefnd sitja fimm fulltrúar Ísafjarðarbæjar og einn áheyrnarfulltrúi Súðavíkurbrepps með mál-frelsi og tillögurétt. Nefndin fundaði átta sinnum árið 2023. Öldungaráð er einnig starfandi og fundaði einu sinni á árinu 2023.

SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS

Á skrifstofu velferðarsviðs starfa alls átta manns. Fleiri starfsmenn eru með reglulega viðveru á skrifstofunni svo sem tilsjón í barnavernd, forstöðumaður Hvestu, forstöðumaður stuðningsþjónustu, öldrunarfulltrúi og sérfræðingar í aðkeyptri þjónustu.

Auk sviðsstjóra eru virk 2,6 stöðugildi í barnavernd (um 1,7 stöðugildi 2023) 2,0 stöðugildi í félagsþjónustu (um 1,3 stöðugildi 2023), 1,0 stöðugildi í málefnum fatlaðra, 1,7 stöðugildi forstöðumanna í búsetu, eitt stöðugildi forstöðumanns í stuðningsþjónustu og eitt stöðugildi öldrunarfulltrúa. Heimild var fyrir 50% stöðugildi í móttöku flóttamanna og 20% stöðugildi ráðgjafa í málefnum fatlaðra en ekki hefur tekist að nýta þau fram að þessu. Vegna veikinda vantaði 100% stöðugildi í félagsþjónustu lungann af

árinu 2023, hið sama gildi um barnavernd fyrri hluta árs 2023. Móttökuritari lauk störfum í janúar 2023, fyrir aldurs sakir. Störf hans deildust að mestu niður á almenna félagsþjónustu en stöðugildið færðist yfir á bæjarskrifstofu.

Kostnaður vegna stöðugildis sviðsstjóra skiptist með millifærslum niður á almenna félagsþjónustu 40%, barnaverndarþjónustu 10% og þjónustu við fatlað fólk 50%.

Ekki hafa verið ráðnir starfsmenn til sumarafleysinga á skrifstofu velferðarsviðs. Það hefur hins vegar reynst nauðsynlegt í búsetum og stuðningsþjónustu.

Á árinu 2023 hófst þátttaka í tilraunaverkefninu „Gott að eldast“ í samvinnu við félags- og atvinnu- málaráðuneytið, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og félagsþjónustusvæðin Bolungarvíkurkaupstað og Vesturbyggð/Tálknafjörð.

Jafnframt hófst þátttaka í verkefni sem varðar viðbrögð gegn heimilisofbeldi og öðru ofbeldi í samvinnu við lögregluembættið á Vestfjörðum og dómsmálaráðuneytið. Tvö heilbrigðisumdæmi taka þátt í verkefninu, ásamt öllum félagsþjónustusvæðunum á Vestfjörðum.

Stærsta einstaka verkefnið á árinu 2023 var undirbúningur og innleiðing nýrra farsældarlaga sem tóku gildi 1. janúar 2023. Þar ber hæst samþætting í vinnslu mála með hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi. Á grundvelli þess var í október 2023 undirritaður samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum sem öll sveitarfélög taka þátt með Ísafjarðarbæ sem leiðandi sveitarfélag. Samningurinn felur í sér framkvæmd og rekstur barnaverndarþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.

Á árinu 2023 voru stofnuð 1.134 mál á velferðarsviði en eftir standa önnur almenn stjórnsýslumál og mál sem unnin eru þvert á svið. Jafnframt er nokkur fjöldi mála sem eru þess eðlis að þau eru opin á meðan einstaklingurinn sem um ræðir er í þjónustu sveitarfélagsins. Flest þannig mál varða fatlað fólk og einstaklinga sem glíma við langvarandi félagslegan vanda. Dæmi eru um mál sem voru stofnuð í kringum 2011 og eru ennþá í virkri vinnslu.

Í barnaverndarþjónustu voru stofnuð 147 mál, í félagsþjónustu voru stofnuð 832 mál og í málefnum fatlaðra voru stofnuð 155 mál.

ÞJÓNUSTA VELFERÐARSVIÐS

Þjónusta velferðarsviðs má skipta í þrjá yfirflokka sem deildarstjórar í hverri fyrir sig bera ábyrgð á:

1. Almenn félagsþjónusta
2. Barnaverndarþjónusta
3. Þjónusta við fatlað fólk

Almenn félagsþjónusta

Ný verkefni eru nokkur í almennri félagsþjónustu.

Í fyrsta lagi mál sem varða farsæld barna en þau urðu tvö í innleiðingarferlinu 2023 en verða mun fleiri á árinu 2024. Innleiðingarferlinu er ætlað að vara í fimm ár.

Í öðru lagi aðkoma og stýring á gerð endurhæfingaráætlana í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Sú aðkoma hefur sett hemil á hækkanir í almennri fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins.

Í þriðja lagi verkefni tengd samningi um samræmda móttöku flóttamanna en þar er núna gert ráð fyrir að sérstök þjónustuáætlun sé gerð fyrir alla flóttamenn, það hefur skapað verulega aukna vinnu við málaflokkinn. Tvö stöðugildi eru skilgreind á almenna félagsþjónustu.

Í lok árs 2023 voru 42 flóttamenn í þjónustu sviðsins á Ísafirði, í Súðavík og á Suðureyri, en samningurinn kveður á um 40 flóttamenn í samræmdri móttöku. Sveitarfélagið fær greitt með skráðum fjölda í þjónustu, þrátt fyrir tilgreindan fjölda í samningi. Í þessum hópi nýrra íbúa eru tveir sem ekki hafa fengið atvinnu, tveir sem fá þjónustu vegna fötlunar og einn eftirlaunaþegi. Tryggingastofnun ríkisins greiðir flóttamönnum hvorki elli- né örorkulífeyri og því eru þessir einstaklingar í þessari stöðu einungis með rétt til fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélaginu þar til réttur hefur skapast hjá TR.

Almenn félagsþjónusta

Umsóknir um fjárhagsaðstoð, hvers konar, voru 180, þjónustuáætlanir fyrir flóttafólk voru 30, umsóknir um afslátt af fasteignagjöldum voru 28, um sérstakan húsnæðisstuðning sóttu 33, endurhæfingar-áætlanir voru fimm, umsóknir um forgang að leiguíbúð voru 26. Stofnuð mál um félagslega ráðgjöf voru 128 en það skal tekið fram að félagsleg ráðgjöf er líka veitt í málum sem eru tiltekin hér að ofan — allt frá lítilli ráðgjöf til verulegrar ráðgjafar og eftirfylgni.

Stuðningsþjónusta

Umsóknir um ferliþjónustu voru 35, umsóknir um liðveislu voru 25, umsóknir um heimaþjónustu voru 109 en í þeirri tölu er þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og öryrkja. Um mitt ár 2023 var forritið Nærvera tekið í notkun. Það hefur gefið mun betri yfirsýn yfir stuðningsþjónustuna og jafnframt auðveldað hagræðingu, skipulag og nýtingu á tíma starfsfólks.

Almenn ánægja ríkir með kvöld- og helgarþjónustu en níu einstaklingar þiggja slíka þjónustu sem veitt er klukkan 17:30–20:30, alla daga vikunnar.

Heildarfjöldi innlita á árinu 2023 er verulegur, tæplega 900 á mánuði. Aukningin sem hefur orðið í þjónustunni er sérstaklega vegna yngri notenda sem glíma við langvarandi áfengis- og/eða vímu-efnavanda, fjöldi innlita til þess hóps er tæplega 200 á mánuði. Innlit til aldraðra voru tæplega 700.

Félagsleg liðveisla

Starfsmenn í félagslegri liðveislu eru að meðaltali um 20, samþykkt þjónusta er frá 12–20 tímum á mánuði. Mjög erfiðlega gengur að fá starfsmenn í félagslega liðveislu og virðist það vera vandamál um allt land.

Ferliþjónusta

Heildarfjöldi ferða árið 2023 var 5.389. Þar af 4.288 fyrir eldri borgara og fatlað fólk, 719 ferðir vegna dagdeildar og 382 ferðir fyrir börn. Það gefur auga leið að utanumhald er töluvert með þjónustunni á velferðarsviði, þrátt fyrir að verktakasamningur sé í gildi um þjónustuna.

Heimsending matar

Frá miðju sumri 2023 hefur ekki náðst að ráða starfsmann til útkeyrslu á mat til eldri borgara. Það hefur verið leyst með starfsfólki á velferðarsviði sem ekki er gert ráð fyrir að sinni slíkri þjónustu. Að meðaltali eru um 10 til 12 einstaklingar að fá heimsendingu matar á virkum dögum en fjórir til sex um helgar.

Málefni aldraðra

Umsóknir um þjónustuíbúð voru átta, umsóknir um dagdeild 21 og unnin voru 22 færni- og heilsumöt vegna umsóknar um dvöl á hjúkrunarheimili.

Dagdeild

Samningur er í gildi á milli Sjúkratrygginga Íslands og Ísafjarðarbæjar um níu almenn pláss á dagdeild og fjögur fyrir fólk með heilabilun. Árið 2023 var þjónustan veitt einstaklingum frá Ísafjarðarbæ og Súðavík og með sérstökum samningi, einstaklingi frá Bolungarvík. Þegar mest var voru 15 einstaklingar að nýta þjónustuna en annars eru þeir 10 að meðaltali. Tveir til fjórir einstaklingar með heilabilun hafa nýtt þjónustuna. Fólkið sem dvelur á dagdeild er virkt í þátttöku í öllu félagsstarfi á Hlíf. Auka þarf dvalir eldri borgara á dagdeild. Tæp tvö stöðugildi eru skráð á dagdeild, þar af iðjupjálfi í 60% starfi en á stundum er ráðið inn tímavinnufólk og jafnframt er ráðið fólk til sumarafleysinga.

Félagsstarf aldraðra

Öldrunarfulltrúi hefur yfirumsjón með öllu félagsstarfi aldraðra í Ísafjarðarbæ og er í mikilli samvinnu við starfsfólk félagsstarfsins í Súðavík, en þar er starfsfólk enn á vegum Súðavíkurhrepps og er það eina deildin í velferðarmálum sem enn er í forsvari hans. Öflugt félagsstarf er á Suðureyri og á Þingeyri, íbúar á Flateyri fá þjónustu á Ísafirði. Samtals eru 1,63 stöðugildi skráð á félagsstarf.

Félagsstarfið er mjög fjölbreytt og er afar vel sótt af íbúum Hlífar og eins af fólki í bænum, sem og frá öðrum byggðakjörnum. Í raun eru aðeins þrjár viðburðir sem eru sérstaklega ætlaðir Hlífarbúum, þorra-blót, sólarpönnukökur og Tjörhúsferð. Þessir atburðir eiga sér langa sögu. Aðrir viðburðir spanna alla samfélagsflórana og afar mismunandi áhugamál fólks.

Barnaverndarþjónusta

Ísafjarðarbær gerðist leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu seinni hluta ársins 2023. Það felur í sér miklar breytingar á verklagi í barnavernd, auknum samskiptum og samvinnu við aðildarsveitarfélögin. Vikulegir teymisfundir sem áður voru einungis setnir starfsmönnum velferðarsviðs eru nú einnig með fulltrúa frá þremur félagsþjónustuvæðum. Stöðugildi í barnaverndarþjónustu eru 2,6. Ráðgjafastaðan var ómönnuð að hluta á árinu 2023 og skapaði það meira álag á deildarstjóra.

Málefni fatlaðs fólks

Töluverðar breytingar urðu á árinu 2023 í tengslum við að Ísafjarðarbær gerðist leiðandi sveitarfélag í málaflokknum. Öll samskipti við ráðuneyti og stofnanir í málaflokknum eru nú í forsvari sveitarfélagsins og jafnframt eru samskipti við aðildarsveitarfélögin miklum mun meiri en áður. Eitt stöðugildi deildarstjóra er skilgreint í stjórnun og ráðgjöf.

Búsetuþjónusta

Starfandi eru þrjár búsetueiningar á Ísafirði, í Sindragötu, Fjarðarstræti og Pollgötu. Starfsmenn eru alls 29 í 20,55 stöðugildum. Fjöldi þjónustuþega er átta, fækkaði um tvo árið 2023.

Helstu áskoranirnar hafa falist í mönnun þjónustunnar og hefur það verið vandamál um nokkra hríð. Það hefur falið í sér mikinn kostnað vegna yfirvinnu. Þá hafa mikil veikindi íbúa í búsetum jafnframt sett svip sinn á þjónustuna. Á árinu 2023 kom upp mygla í íbúðum í Pollgötu og hafði það veruleg áhrif á starfsemina.

Hvesta

Í Hvestu starfar forstöðumaður, sem jafnframt veitir skammtímvistun forstöðu, sjö leiðbeinendur, þar af einn starfsmaður í langtímoveikindaleyfi og einn tímavinnustarfsmaður í ræstingum. Samtals 6,74 stöðugildi.

Þangað sækja 15 fatlaðir starfsmenn atvinnu og/eða hæfingu á opnunartíma Hvestu frá 8–16, alla virka daga. Fjölbreytni í verkefnum fer vaxandi vegna sérstaks átaks sem hófst haustið 2023. Í því felst t.d. undirbúningur að samvinnu við Kertahúsið, endurskipulagning á listasmiðju og innra skipulagi Hvestu. Einnig hófst vinna við einstaklingsáætlanir.

Skammtímvistun

Skammtímvistun er opin aðra hverja helgi og þar sækir einn einstaklingur þjónustu frá föstudegi til sunnudags. Í skammtímvistun starfa tveir tímavinnustarfsmenn frá klukkan 16 á föstudegi til klukkan 17 á sunnudegi þegar vistunin er opin.

Húsnæðið hefur jafnframt verið nýtt af félagslegri liðveislu og þroskaþjálfu í leikskóla í störfum sínum með fötluðum börnum.

SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

SKRIFSTOFA SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS

Á skrifstofu skóla- og tómstundasviðs hafa verið tveir starfsmenn frá árinu 2015; sviðsstjóri og skóla- og sérkennslufulltrúi. Sviðsstjóri sér um að reka sviðið sem er með 25 deildir undir fræðslumálum og 23 deildir undir æskulýðs- og íþróttamálum. Alls eru 16 forstöðumenn yfir þessum deildum en jafnframt eru tvær deildir einkareknar með framlögum frá Ísafjarðarbæ.

Þegar leik- og grunnskólar fara í sumarleyfi tekur vinnuskólinn við sem starfar til júliloka. Ekki hefur verið ráðinn starfsmaður til sumarafleysinga á skrifstofu skóla- og tómstundasviðs og því hefur verið lítil tímarámi fyrir sumarleyfi sviðsstjóra. Með komu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa í janúar 2024 leysist það vandamál.

Í janúar 2023 hófst stórt verkefni á sviðinu þegar byrjað var að undirbúa innleiðingu nýrrar farsældar-laga. Verkefnið breytir verklagi við vinnslu mála barna og krefst meira samstarfs á milli stofnana. Ríkið greiðir Ísafjarðarbæ um 12 milljónir króna á ári við að innleiða verkefnið og var ákveðið að nota stóran hluta af upphæðinni til að ráða verkefnastjóra sem heldur utan um verkefnið.

Árið 2022-2023 tók skólaskrifstofan ásamt leikskólum í Ísafjarðarbæ þátt í þróunarverkefni í snemmtækri íhlutun með áherslu á málþroska og læsi barna. Leikskólastjórar ásamt skóla- og sérkennslufulltrúa lögðu á sig mikla aukavinnu í verkefninu og útkoman var handbók og verklag fyrir hvern leikskóla sem lýtur að snemmtækri íhlutun í málþroska.

Á árinu 2023 var unnið að því að stytta biðlista hjá skólasálfræðingum, í samstarfi við leik- og grunnskóla. Verklagi og forgangsröðun var breytt og þannig náðist markvisst að stytta biðlista og búa til meira svigrúm hjá skólasálfræðingum til að fylgja eftir alvarlegustu málunum. Liður í þessari breytingu var að bjóða foreldrum upp á fræðslu um ýmsar taugaraskanir og námserfiðleika barna.

Helsta áskorunin á árinu var að finna nýja talmeinafræðing fyrir Ísafjarðarbæ. Mikill skortur er á þeim á Íslandi og mörg sveitarfélög í brýnni þörf fyrir þjónustu talmeinafræðinga. Enn hefur ekki tekist að ráða slíkan sérfræðing hingað, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

SKÓLAR

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd fundaði 13 sinnum á árinu og tók fyrir 34 mál. Í lok ársins var hún sameinuð íþrótt- og tómstundaneftnd undir heitinu skóla-, íþrótt- og tómstundaneftnd.

Framlög til leik- og grunnskóla í öðrum sveitarfélögum

Tvö börn með lögheimili í öðru sveitarfélagi sóttu leikskóla í Ísafjarðarbæ en við áætlunargerð stóð til að börnin yrðu fimm. Eitt barn með lögheimili í Ísafjarðarbæ sótti leikskóla í öðru sveitarfélagi. Tvö börn með lögheimili í öðru sveitarfélagi sóttu grunnskóla í Ísafjarðarbæ á meðan eitt barn með lögheimili í Ísafjarðarbæ sótti skóla í öðru sveitarfélagi.

Rukkað er fyrir slíka þjónustu samkvæmt [viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags og [viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags.

Leikskólar

Eyrarskjól

Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði er rekinn af Hjallastefnunni ehf. fyrir Ísafjarðarbæ. 80–90 börn voru með pláss á leikskólanum árið 2023. Skólaskrifstofa Ísafjarðarbæjar sinnir eftirlitshlutverki með leikskólanum, umhverfis- og eignasvið sér um viðhald en annars sér Hjallastefnan um allan rekstur skólans. Ísafjarðarbær borgar samkvæmt samningi út frá fjölda dvalarstunda barna og hækkar/lækkar framlagið ef faghlutfall starfsmanna á leikskólanum fer yfir/undir 50%. Í lok árs var faghlutfallið 35%. Unnið er að nýjum samning við Hjallastefnuna um rekstur Eyrarskjóls.

Sólborg

Á fyrri hluta ársins 2023 voru um 105 börn á leikskólanum Sólborg á Ísafirði. Um sumarið var Tangi tekin út úr Sólborg sem sérstök fimm ára deild og breytt í sjálfstæðan leikskóla. Síðan þá hafa verið um 60 börn á Sólborg.

Fastráðnir starfsmenn á Sólborg eru í 14,62 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals 9,06 stöðugildi. Langtímaveikindi starfsmanna gera það að verkum að ráða þarf inn fólk tímabundið. Á árinu 2023 hættu 24 starfsmenn og 12 voru ráðnir nýir inn, inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Á Sólborg eru almennt um 20 starfsmenn sem allir eiga 10 daga eftir af orlofinu sínu eftir sumarlokun. Orlofsdagar auk kjarasamningsbundins undirbúningstíma og vinnustytting gera það að verkum að á hverjum skóladegi vantar einn starfsmann á leikskólann. Þá á eftir að taka veikindin inn í. Þrátt fyrir langtímaveikindi starfsmanna tókst leikskólastjóra að halda rekstrinum innan fjárhagsáætlunar og vera fimm milljónum undir í áætlun.

Tangi

Tangi á Ísafirði varð sjálfstæður leikskóli þann 1. ágúst 2023. Á leikskólanum voru um 40 börn fyrri hluta ársins en seinni hlutann fór hann upp í 45, þrátt fyrir að mælingar og reynsla sýni að leikskólinn taki ekki fleiri en 43 nemendur. Gera þarf ráðstafanir til að geta tekið inn fleiri börn á Tanga og hefur skógarhús verið nefnt sem kostur. Samkvæmt mannfjöldaspá fyrir Ísafjarðarbæ stefnir í fjölgun barna á Ísafirði næstu árin. Þó stefnir ekki í stærri árgang en 40 næstu tvö árin.

Fastráðnir starfsmenn á Tanga eru í 9,75 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals tvö stöðugildi. Langtímaveikindi starfsmanna og fæðingarorlof gera það að verkum að ráða þarf inn fólk tímabundið. Frá 1. ágúst 2023 hætti enginn starfsmaður en 15 voru ráðnir nýir inn, sem skýrist af breytingum á rekstri leikskólans. Lítil starfsmannavelta einkennir skólann, líka á meðan Tangi var deild undir Sólborg.

Leikskólinn Tangi var rekinn með 15 milljón króna halla sem skýrist að hluta af orlofsskuldbindingum sem gert var ráð fyrir á Sólborg en færðust ekki yfir þegar viðauki var gerður þegar Tangi varð sjálfstæð eining.

Grænigarður

Á leikskólanum Grænagarði á Flateyri voru átta börn með leikskólaláss fyrir hluta ársins 2023 en eftir sumarlok fór fjöldinn niður í 7.

Fastráðnir starfsmenn á Grænagarði eru í fjórum stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals eitt stöðugildi og fimm manns með tímavinnusamning sem hlaupa í skarðið þegar vantar fólk. Nýr leikskólastjóri hóf störf í ágúst en hann sagði starfi sínu lausu í desember. Á árinu 2023 hættu sex starfsmenn og níu voru ráðnir nýir inn. Inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Þrátt fyrir mikla starfsmannaveltu tókst að halda rekstri Grænagarðs á pari við fjárhagsáætlun 2023.

Laufás

Á leikskólanum Laufási á Þingeyri voru 15 börn með leikskólaláss fyrir hluta ársins en 13 seinni hlutann.

Fastráðnir starfsmenn á Laufási eru í 4,41 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals tvö stöðugildi og ein manneskja með tímavinnusamning til að sinna forföllum. Á árinu 2023 hættu sjö starfsmenn og 10 voru ráðnir nýir inn. Inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Þrátt fyrir mikla starfsmannaveltu tókst að halda starfsemi Laufáss vel gangandi á árinu og reksturinn var á pari við fjárhagsáætlun 2023.

Tjarnarbær

Í lok árs 2023 voru 15 börn með leikskólaláss á leikskólanum Tjarnarbæ á Suðureyri.

Fastráðnir starfsmenn á Laufási eru í 5,51 stöðugildum og ein manneskja með tímavinnusamning til að sinna forföllum. Á árinu 2023 hættu níu starfsmenn og sjö voru ráðnir nýir inn. Inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Ekki gekk vel að ráða í öll störf á Tjarnarbæ sem skýrir af hverju skólinn var rekinn undir launaáætlun. Þrátt fyrir manneklu lét starfsfólkið starfsemina ganga upp en það jók vissulega álagið á þau. Skólinn var rekinn fimm milljónum undir áætlun 2023.

Grunnskólar

Grunnskólinn á Ísafirði

Í lok árs 2023 voru 386 nemendur í Grunnskólanum á Ísafirði en nemendum þar hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin 10 ár, sem veldur því að allar skólastofur eru í fullri notkun. Með áframhaldandi fjölgun þarf meira rými fyrir kennslu.

Fastráðnir starfsmenn í grunnskólanum eru í 53,40 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals 9,75 stöðugildi. Langtímaveikindi starfsmanna gera það að verkum að ráða þarf inn fólk tímabundið. Á árinu 2023 hættu 19 starfsmenn og 21 voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Nýjar reglur voru settar í skólanum um leyfisveitingar starfsmanna og sett fimm daga hámark yfir skólaárið. Munu þær draga verulega úr kostnaði sem skapast við að manna forföll kennara vegna leyfa.

Börnum með alvarlegar fatlanir og fjölþættan vanda hefur fjölgað á milli ára og hófu skólastjórnendur vinnu við að útbúa sérdeild í skólanum, en sú vinna er enn í gangi. Stoðþjónustan útbjó úrræðalista sem hefur verið lykilverkfæri í að stytta biðlista hjá skólasálfræðingum.

Grunnskólinn var rekinn með 23 milljóna króna halla sem skýrist af langtímaveikindum starfsmanna en það þurfti að ráða aðra inn í staðinn fyrir þá. Launakostnaður er um 85% af rekstri skólans og því er reksturinn viðkvæmur þegar langtímaveikindi starfsmanna eru mikil.

Ein af helstu áskorunum ársins var skólaaksturinn en þar sem nemendum hefur fjölgað undanfarin ár er ekki lengur pláss fyrir alla í skólabílnum sem vilja nota hann. Varð þetta ítrekað til þess að börn úr Holtahverfi fengu ekki pláss í skólabílnum að skóladegi loknum. Skólinn fór þá að forgangsraða í bílinn sem gerði ástandið aðeins betra en leysti það ekki. Beðið er eftir nýju útboði á skólaakstri í þeirri von að vandamálið heyri sögunni til.

Grunnskóli Önundarfjarðar

Í lok árs 2023 voru 11 nemendur í Grunnskóla Önundarfjarðar, sex á yngsta stigi, fjórir á miðstigi og einn á unglíngastigi.

Fastráðnir starfsmenn í grunnskólanum voru í 4,42 stöðugildum. Á árinu 2023 hættu tveir starfsmenn og þrír voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Grunnskólinn fór tveimur milljónum yfir fjárhagsáætlun 2023 sem skýrist af því að ráðið var inn í tímabundið starf.

Farið var í brýn viðhaldsverkefni á grunnskólanum árið 2023. Meðal annars voru múrskemmdir lagaðar. Brýnasta verkefnið í lok árs var að láta mála skólann að innan.

Grunnskólinn á Þingeyri

Í lok árs 2023 voru 43 nemendur í Grunnskóla Þingeyrar þar sem kennt er á þremur stigum. Hátt hlutfall nemenda er með mikla stuðningsþörf sem skólinn þarf að mæta með aðstoð skólaskrifstofunnar. Endurskoða þarf fyrirkomulag kennslunnar árið 2024 í ljósi þessa.

Fastráðnir starfsmenn í grunnskólanum voru í 3,1 stöðugildum og lausráðnir í 6,12 stöðugildum. Á árinu 2023 hættu níu starfsmenn og níu voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Grunnskólinn fór 17 milljónum yfir fjárhagsáætlun 2023 sem liggur í launahlutanum vegna langtíma-veikinda starfsmanna og umfram stöðugildi sem ekki var áætlað fyrir. Yfirvinna fór jafnframt fram úr áætlun.

Skólinn tók þátt í evrópsku samstarfsverkefni sem lukkaðist mjög vel. Farið var í þrjár heimsóknir erlendis með nemendahóp í fylgd starfsmanna skólans.

Grunnskólinn á Suðureyri

Í lok árs 2023 voru 43 nemendur í Grunnskólanum á Suðureyri þar sem kennt er á þremur stigum. Hátt hlutfall nemenda er með íslensku sem annað mál eða 60%.

Fastráðnir starfsmenn í skólanum voru í 6,04 stöðugildum og lausráðnir í 1,49 stöðugildum. Tveir starfsmenn eru á tímavinnusamningi. Á árinu 2023 hættu þrír starfsmenn og fjórir voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar. Óvenju mikið var um langtíma-veikindi starfsmanna skólans og því var alvarleg mannekla við skólann. Skólastjórnandi mætti því verkefni með miklum myndarbrag.

Grunnskólinn var rekinn tveimur milljónum undir áætlun 2023.

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir á skólahúsnæðinu á Suðureyri vegna myglu sem kom upp árið 2022 og 2023. Húsnæðið er því í góðu standi.

Aðrar skólastofnanir

Dægradvöl Ísafirði

Í lok árs 2023 voru 75 börn skráð í dægradvöl, sem er lögbundin þjónusta sem tekur við að loknum grunnskóladeginum. Rýmið sem starfsemin hefur er orðið alltof lítið og er verið að skoða hvort hægt sé að laga hljóðvistina í félagsmiðstöðinni svo hægt sé að nýta það rými fyrir dægradvölinn líka.

Fastráðnir starfsmenn í dægradvöl eru í 2,31 stöðugildum á meðan tímabundnar ráðningar eru samtals 1,42 stöðugildi. Alls eru þrír starfsmenn með tímavinnusamning. Mikil mannekla hefur einkennt starfsemi dægradvalar sem hefur valdið því að grípa hefur þurft til lokana dag og dag. Á árinu 2023 hættu 15 starfsmenn og 15 voru ráðnir nýir inn, en inni í þessum fjölda eru bæði fastráðnir og tímabundnar ráðningar.

Dægradvöl Ísafirði var rekin 2,2 milljónum undir fjárhagsáætlun 2023.

Dægradvöl Flateyri, Þingeyri og Suðureyri

Dægradvöl á Flateyri er starfrækt í Grunnskóla Öndarfjarðar og nýta fimm börn sér þjónustuna.

Dægradvöl á Þingeyri er starfrækt í leikskólanum Laufási og var ekkert barn skráð þar árið 2023.

Dægradvöl á Suðureyri er starfrækt í leikskólanum Tjarnarbæ og voru þrjú börn skráð þar árið 2023.

Mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði

Nemendum og starfsfólki sem notar mötuneytið í GÍ fjölgaði í 110 á árinu 2023 fór úr 240 í 350 sem krafðist þess að bæta þurfti við hálfu stöðugildi þar um haustið. Stöðugildið var tekið úr GÍ til að klára árið. Í mötuneytinu eru 2,75 föst stöðugildi en 0,5 í tímabundinni ráðningu. Þar er lítil starfsmannavelta og sama starfsfólkið verið við störf í mörg ár.

Mötuneyti GÍ var rekið fjórum milljónum undir fjárhagsáætlun en það skýrist af því að tekjur af sölu fæðis voru meiri en áætlað var.

Tónlistarskóli Ísafjarðar

Tónlistarskólinn er rekinn af Tónlistarfélagi Ísafjarðar en Ísafjarðarbær greiðir laun starfsmanna. Hljóðfæra- og söngnemendur voru 207 vorið 2023. Að auki komu öll börn úr Tanga, og allur 1. og 2. bekkur GÍ í vikulegar söngstundir, samtals hátt í 300 börn. Í Lúðrasveit Tónlistarskólans voru 10. 62 nemendur stunduðu reglulegt nám í fræðagreinum og 62 í kór.

Í skólanum eru fastráðnir starfsmenn í 9,8 stöðugildum og lausráðnir í 3,46 stöðugildum. Á árinu 2023 hættu tveir starfsmenn og tveir nýir voru ráðnir. Skólinn fór 28 milljónum fram úr fjárhagsáætlun 2023, þar af 19,3 milljónir vegna breytinga lífeyrisskuldbindinga.

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar

Skólinn er rekin með mánaðarlegum framlögum frá Ísafjarðarbæ. Deildin var 3,7 milljónum undir áætlun sem skýrist af minni starfsemi skólans en áætlað var.

Lýðskólinn á Flateyri

Samningur á milli Ísafjarðarbæjar og Lýðskólans rann út vorið 2023 og var endurnýjaður í breyttri mynd. Ísafjarðarbær greiðir ekki lengur fastar upphæðir inn í skólann heldur eru styrkir í formi afnota af íþróttamiðstöðinni á Flateyri.

ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Íþrótt- og tómsbundanefnd

Íþrótt- og tómsbundanefnd fundaði 11 sinnum á árinu og tók fyrir 18 mál. Í lok ársins var hún sameinuð íþrótt- og tómsbundanefnd undir heitinu skóla-, íþrótt- og tómsbundanefnd.

Íþróttamannvirki og -svæði

Íþróttahúsið Torfnesi

Íþróttahúsið er opið 11 mánuði á ári og er að mestu notað af aðildarfélögum HSV, Grunnskólanum á Ísafirði og Menntaskólanum á Ísafirði. HSV fékk 2768 tíma á árinu á meðan Grunnskólinn á Ísafirði notaði 432 tíma og menntaskólinn 155 tíma. Stórir viðburðir fóru fram í húsinu en það voru ársþing KSÍ, lokahóf Fossavatnsgöngunnar, árshátíð Ísafjarðarbæjar og útskriftarhóf Menntaskólans á Ísafirði.

Í íþróttahúsinu eru fastráðnir starfsmenn í fjórum stöðugildum og þrjú starfsmenn í tímavinnu.

Íþróttahúsið fór 17 milljónir yfir fjárhagsáætlun 2023 sem skýrist að mestu af ofátæluðum tekjum vegna leigu hússins til HSV. Tekjumódelið sem stuðst hefur verið við síðastliðin 10 ár var uppfært í samvinnu við fjármálastjóra þegar ljóst var í hvað stefndi. Jafnframt fór deildin tveimur milljónum yfir launaáætlun þar sem yfirvinna vegna aukavakta var meiri en áætlað var. Húsið er opið alla daga vikunnar, er í mikilli notkun og því verður að manna allar vaktir.

Íþróttavallarhús Torfnesi

Vallarhúsið er á tveimur hæðum og er knattspyrnudeild Vestra með afnot af efri hæðinni en á þeirri neðri eru búningasklefar, boltageymsla og dómaraherbergi. Aðeins tveir búningasklefar eru í húsinu en aðstöðuna nota yngri flokkar og meistaraflokkar Vestra ásamt meistaraflokki Harðar. Forstöðumaður íþróttahússins á Torfnesi sér um þrif og minniháttar viðhald á húsinu.

Kostnaðurinn við að reka húsið voru sjö milljónir króna en inni í því eru fjórar milljónir í leigutekjur, níu milljónir í millifærslur og tvær milljónir í hita og rafmagn. Deildin var rekin á þremur milljónum undir fjárhagsáætlun þar sem tekjurnar reyndust meiri en áætlað var.

Líkamsræktarstöð

Í október 2023 endurnýjaði Ísafjarðarbær samning við Ísófit um rekstur líkamsræktarstöðvar á Ísafirði. Ísafjarðarbær greiðir fasta upphæð í hverjum mánuði og því stóðst fjárhagsáætlun fyrir þessar deild á árinu 2023.

Sundhöll Ísafjarðar

Í sundhöllinni vinna fastráðnir starfsmenn í fjórum stöðugildum og lausráðnir í 2,4 stöðugildum sem ganga vaktir, enda laugin opin alla daga vikunnar.

Tekjur af aðgangseyri árið 2023 voru 7,8 milljónir. Deildin var rekin 5 milljónum undir fjárhagsáætlun en ástæðan fyrir því er að húsaleigutekjur reyndust meiri en áætlað var.

Íþróttasalurinn er notaður fyrir hádegið alla virka daga fyrir skólaíþróttir af 1.–4. bekk GÍ. Aðildarfélag HSV nota salinn þó mest eða 1390 tíma árið 2023. Lausir tímar eru leigðir út til einkaaðila.

GÍ notar sundlaugina klukkan 8–12 alla virka daga yfir skólaárið. HSV fékk svo 191 tíma á árinu.

Íþróttamiðstöð Flateyri

Í íþróttamiðstöðinni er einn fastráðinn starfsmaður í einu stöðugildi og einn ráðinn tímabundið í 0,2 stöðugildi.

Tekjur af aðgangseyri árið 2023 voru 6 milljónir. Deildin var rekin samkvæmt áætlun en fór eina milljón yfir þar sem húsaleigutekjur voru minni en áætlað var.

Miklum fjármunum og tíma hefur verið varið í að reyna leysa vandamál tengt hita á vatni í sturtum. Jafnframt hefur verið kvartað undan kulda í íþróttasalnum en unnið er að lausnum á því.

Íþróttahúsið er ekki mikið notað en grunnskólinn notar hann mest fyrir íþróttakennslu. Jafnframt notar Lýðskólinn íþróttahúsið tvisvar sinnum í viku og aðildarfélag HSV notuðu 47 tíma á árinu 2023.

Íþróttamiðstöð Suðureyri

Í íþróttamiðstöðinni er einn fastráðinn starfsmaður í einu stöðugildi og einn ráðinn tímabundið í 0,4 stöðugildi.

Tekjur af aðgangseyri árið 2023 voru átta milljónir. Deildin fór sjö milljónum yfir áætlun sem skýrist af meiri yfirvinnu en áætlað var fyrir. Yfirvinnan er vegna aukavakta sem þarf að manna þegar starfsmenn á vakt eru frá svo hægt sé að halda sundlauginni opinni.

Íþróttahúsið er töluvert notað af aðildarfélögum HSV sem fékk 357 tíma á árinu.

Íþróttamiðstöð Þingeyri

Í íþróttamiðstöðinni er einn fastráðinn starfsmaður í einu stöðugildi og einn ráðinn tímabundið í 0,53 stöðugildi. Jafnframt eru níu tímavinnustarfsmenn. Íþróttamiðstöðin annast tjaldsvæðið á Þingeyri á sumrin en því fylgir töluverð vinna.

Tekjur af aðgangseyri árið 2023 voru 6,6 milljónir. Deildin fór einni milljón yfir áætlun sem skýrist af meiri yfirvinnu en áætlað var fyrir. Yfirvinnan er vegna aukavakta sem þarf að manna þegar starfsmenn á vakt eru frá svo hægt sé að halda mannvirkinu opnu.

Lagnarkerfi laugarinnar bilaði á árinu svo sundlaugin var lokuð allan desember.

Íþróttahúsið er aðallega notað af leik- og grunnskóla á svæðinu og svo er íþróttafélagið Höfrungur með reglulegar æfingar.

Íþróttasvæði

Undir íþróttasvæðið fellur knattspyrnusvæðið á Torfnesi. Yfir sumartímamann var knattspyrnudeild Vestra með umsjón með svæðinu. Deildin var þremur milljónum undir fjárhagsáætlun en ástæðan fyrir því er að húsaleigutekjur voru meiri en áætlað var. Mestur hluti fer í millifærslur en næst stærsti útgjalda-liðurinn eru þjónustukaup frá knattspyrnudeild Vestra.

Nýtt gervigras var sett á æfingavöllinn og til stendur að gera það sama á keppnisvöllinum. Áform knattspyrnuhreyfingarinnar eru að nota þessa velli til æfinga allt árið um kring sem þýðir að veita þurfi meiri þjónustu þar en áður í formi moksturs vallarins og þrifa í vallarhúsi.

Skíðasvæði

Á skíðasvæðinu starfa fastráðnir starfsmenn í tveimur stöðugildum en 15 eru með tímavinnusamning. Það er krefjandi verkefni að manna skíðasvæðið því í upphafi hvers árs þarf að byrja upp á nýtt og finna tímavinnufólk. Fólk ræður sig upp á von og óvon um að hægt sé að hafa skíðasvæðið opið. Nýr forstöðumaður var ráðinn um haustið 2023.

Mikil viðhald var á árinu og bilaði allt sem gat bilað; annar troðarinn, allar þrjár lyfturnar og kassakerfið. Fór mikill tími starfsmanna í að bilanagreina og laga þessi tæki. Vélageymslan er óviðunandi fyrir starfsfólk að mati Vinnueftirlitsins og tekur sviðsstjóri undir það. Plássið er allt of lítið, þar loftar ekki vel svo starfsmenn anga af olíulykt og starfsmannaaðstaðan of lítil. Finna þarf lausn á þessu. Svo þarf að flytja skíðaleiguna tvisvar sinnum á ári, inn og út úr skíðaskálanum, sem tekur mikinn tíma frá starfsmönnum.

Tekjur vegna aðgangseyris voru 12 milljónir á árinu sem var fjórum milljónum undir áætlun. Snjóleysi hafði þarna mest áhrif og opnunardagar færri en gert var ráð fyrir. Að öðru leyti stóðst fjárhagsáætlun skíðasvæðisins.

Golfvellir

Enginn starfsmaður á vegum Ísafjarðarbæjar er á golfvellinum og er hann að mestu rekinn af sjálfboðaliðum innan Golfklúbbs Ísafjarðar. Ísafjarðarbær er þó með verkefnasamning við golfklúbbinn um umsjá golfvallarins og fær í staðinn stöðugildi sem nemur 5 mánuðum í launaflokki 121.

Aðrar deildir

Opnir leikvellir

Þessi deild fór tæpa milljón fram úr fjárhagsáætlun en skýringin á því er að efniskostnaður hækkaði meira en áætlað var.

Vinnuskólinn

54 nemendur voru skráðir í vinnuskólann árið 2023 og var þeim dreift í mismunandi verkefni sem þau sinntu allt sumarið. Þeir sem tóku við vinnuskólanemendum í ár voru siglingaklúbburinn Sæfari, knattspyrnudeild Vestra, Golfklúbbur Ísafjarðar, Vesturafli, HSV og leikskólarnir Sólborg, Eyrarskjól, Tangi, Grænigarður og Laufás. Jafnframt tóku yngstu nemendurnir þátt í Sjávarútvegsskólanum sem unninn er í samstarfi Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu.

Staðan á rekstri vinnuskólans var á pari við áætlun 2023. Ekki tókst að ráða flokkstjóra og því var launakostnaðurinn töluvert undir áætlun. Gerður var viðauki þar sem fimm milljónir voru færðar frá vinnuskólanum yfir á mötuneyti GÍ svo hægt væri að kaupa nýja ofna þar.

Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar eru reknar á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri fyrir ungmenni í 8.–10. bekk grunnskóla. Þar starfa níu manns í tímavinnu. Átta starfsmenn hættu á árinu en 10 voru ráðnir nýir inn.

Félagsmiðstöðvarnar fóru eina milljón yfir áætlun þar sem akstur á milli kjarnanna hækkaði í verði um mitt árið.

Héraðssamband Vestfirðinga

Á árinu 2023 var unnið að gerð nýs samnings Ísafjarðarbæjar við HSV í samvinnu við stjórn HSV og var hann samþykktur af bæjarstjórn í desember 2023. Miklar breytingar fylgdu nýjum samningi en stöðugildi framkvæmdastjóra HSV færðist yfir til Ísafjarðarbæjar í janúar 2024.

Deildin var rekin sjö milljónum undir fjárhagsáætlun sem skýrist af því að einn reikningur fyrir frístudarútu barst ekki á árinu og kostnaður vegna afnota af íþróttamannvirkjum var ofáætlaður.

STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Íbúum Ísafjarðarbæjar fjölgaði lítið eitt árið 2023. Fjölgun var mest á Suðureyri og Ísafirði, en fækkun á Flateyri. Engin teljanleg breyting var á Þingeyri og í Hnífsdal. Fjöldi álagðra eigna og gjaldenda fasteignagjalda jókst einnig.

	2022	2023	Breyting
Íbúafjöldi	3.840	3.864	+0,6%
Fasteignagjöld: Fjöldi eigna	4.005	4.019	+0,3%
Fasteignagjöld: Gjaldendur	5.580	5.657	+1,4%

Samanburður á íbúafjölda og fasteignagjöldum árin 2022 og 2023.

Launagreiðslur	2023
Meðaltalsfjöldi launagreiðslna á mánuði	562
Heildarfjöldi launagreiðslna	6.741
Skjöl á stjórnýslu- og fjármálasviði	
Stofnuð mál	1.872
Fjöldi mála sem var lokað	437
Opin mál í lok árs	1.435
Reikningar	
Fjöldi útgefina reikninga	17.186
Bókaðir lánadrottareikningar	15.097
Hlutfall rafrænna reikninga á móti pappír	98%

Yfirlit fjölda launagreiðslna, stofnaðra mála og útgefina reikninga 2023.

VERKEFNI STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐS

Starfsmannahald og vinnuaðstaða

Breytingar urðu á starfmannahaldi á sviðinu en tveir nýir bókarar byrjuðu á árinu 2023, og hrókeringar urðu innanhúss milli bókhalds og innheimtu, auk þess sem nýr þjónustufulltrúi hóf störf á haustmánuðum. Unnið hefur ötullega að því í bókhaldi að straumlínulaga þjónustu, einfalda verkferla og hækka hlutfall rafrænna reikninga (til samanburðar var hlutfallið 59% árið 2019). Hefur þetta ferli aðstoðað við þjálfun nýrra starfsmanna, einföldun vinnu og dýpri upplýsingaveitu fyrir starfsmenn og bæjarfulltrúa. Þá fékk sviðið fleiri hendur í skjölun og frágang gagna. Skjalastjóri færði sig um stað innanhúss, og fyrirhugað að innheimtufulltrúi verði staðsettur í afgreiðslu ásamt þjónustufulltrúa frá upphafi árs 2024. Skrifstofa skjalastjóra verður sett upp sem fundaherbergi á árinu 2024, og hófst undirbúningur vegna þessara breytinga árið 2023.

Nokkur uppfærsla varð á húsbúnaði, svo sem á kaffistofu, og nýjar gardínur voru settar í alla glugga. Eins voru skjalaskápar, tölvur og tölvuskjáiir uppfærðir. Bifreið bæjarskrifstofanna gaf endanlega upp

öndina á vormánuðum, eftir miklar bilanir og viðhald síðustu misseri, og var nýr bíll leigður um sumarið, sem var svo skipt út fyrir langtímaleigubíl í nóvember 2023.

Í upphafi árs var símkerfi sveitarfélagsins uppfært, og var ákveðið að flest allir starfsmenn á skrifstofum fengu tölvusíma í gegnum Avaya-tölvukerfið, í stað símtækja á borði. Eins yrðu allir með þráðlaus heyrnartól til símsvörunar, sem nýtast jafnframt við fjarfundi, fyrirlestra og önnur störf. Fyrirhugað er að nýta lausnina á öðrum stofnunum ef vel gengur á skrifstofunum.

Skjalamál

Síðastliðin þrjú ár hefur staðið yfir áttak í skjalamálaum þar sem starfsmenn hafa verið virkjaðir til betri vinnubragða, meðal annars með því að halda sérstakan skjaladag tvisvar á ári. Eftirfarandi sýnir stöðuna.*

	2021	2022	2023*
Mál stofnuð á árinu	1.228	1.578	1.872
Málum frá árinu lokað	933	823	437
Mál frá árinu enn opin	295	755	1.435

*Eðlilegt er að því nýrri sem málin eru, því fleiri séu enn opin, og skýrir það fjölda opinna mála frá árinu 2023.

Síðan áttak í lokun og frágangi mála og reglulegir skjaladagar voru teknir upp árið 2021, hefur 6.242 málum verið lokað og komið fyrir í skjalageymslu. Enn er þó 21% mála í málafni enn opin og því mjög mikilvægt að halda áttakinu áfram og festa skjaladagana í sessi. Árlegur fjöldi skjala síðustu þrjú ár er að meðaltali rúmlega 37 þúsund vistuð skjöl. Síðustu þrjú ár þar á undan (2018–2020) var meðaltalið rúmlega 23 þúsund vistuð skjöl. Þetta er því aukning um það bil 14.000 skjöl á ári.

Fjöldi mála hefur nú þegar náð að tvöfaldast frá árinu 2019 og stefnir í að árið 2024 verði fyrsta árið frá upphafi þar sem skráð verða fleiri en 2000 mál á ársgrundvelli. Þetta má meðal annars rekja til aukinna umsvifa í sveitarfélaginu, til dæmis í skipulags- og byggingarmálum, framkvæmdum og velferðarmálum. Auk þess hefur mörgum málaflokkum verið komið í betri og skipulagðari farveg með opnun þjónustugáttar sem streymir ýmis konar umsóknum beint inn í málakerfi sveitarfélagsins. Mikilvægt er að huga vel að skjölun og lokun eldri mála, enda markmiðið að ná jafnvægi til að auðvelda innleiðingu rafrænna skila.

Ferðalög, ráðstefnur og fræðsla

Í lok ágúst fóru sviðsstjóri, fjármálastjóri, skjalastjóri og innkaupa- og tæknistjóri á námsstefnu með faghópi Sambands íslenskra sveitarfélaga í stafrænum lausnum til Tallinn í Eistlandi. Nýttust þeir dagar mjög vel, enda margar nýjungar í gangi er vert er að huga að, auk þess sem tengslamyndun er nauðsynleg. Þá tekur Ísafjarðarbær þátt í verkefnum Sambandsins varðandi innleiðingu stafrænna lausna sveitarfélaga.

Í október fóru bæjastjóri, sviðsstjóri og fjármálastjóri, auk nokkurra bæjarfulltrúa á Fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík. Var dagskráin metnaðarfull og fræðandi.

Fjórðungsþing að vori fór fram í Vesturbyggð og að hausti í Bolungarvík, sem bæjarstjóri og sviðsstjóri fóru á, auk bæjarfulltrúa.

Bæjarstjóri og sviðsstjóri funduðu mánaðarlega með formanni hvers hverfisráðs fyrir sig, auk þess að vera staka vinnudaga í öðrum kjörnum til skrafs og funda með íbúum.

Í nóvember var haldinn sameiginlegur starfsmannadagur allra starfsmanna Ísafjarðarbæjar. Markmiðið með deginum var að efla liðsheild og tengsl við sameiginlegan tilgang starfsfólks Ísafjarðarbæjar sem felst í þjónustu við bæjarbúa og gesti hans. Viðar Halldórsson, prófessor á félagsfræði, mannfræði- og þjóðfræðideild við Háskóla Íslands var fenginn til að halda fyrirlestur um félagslega töfra, hvað í þeim fælist og hvernig mögulega væri hægt að framkalla þá. Í kjölfarið fóru starfsmenn í verkefna- og hugmyndavinnu þar sem meginþemað var samtal milli starfsfólks er sneri að því að greina þá þætti sem væru til fyrirmyndar í okkar samfélagi, hvað mætti betur fara og hvernig hægt væri að stuðla að umbótum. Vonast var til að í kjölfar dagsins hafi starfsfólk öðlast frekari innsýn í hvernig við getum í sameiningu stuðlað að auknum félagslegum tögum, bæði í okkar störfum út á við sem og innbyrðis innan stofnana bæjarins.

Ársreikningur 2022 og fjárhagsáætlun 2024

Endurskoðun fór fram með ágætum og var ársreikningur 2022 samþykktur í bæjarstjórn þann 1. júní. Stjórnsýsluskoðun kom vel út og var án alvarlegra athugasemda.

Þá var fjárhagsáætlun unnin haustið 2023, sem lauk með samþykki bæjarstjórnar 7. desember, auk framkvæmdaáætlunar, viðhaldsáætlunar og samþykkt rúmlega 20 gjaldskráa.

Íbúabjónusta

Vefsíða Ísafjarðarbæjar er í stöðugri þróun og var opnað fyrir viðburðadagatal, samtengt Vestfjarðastofu í upphafi árs. Jafnframt var íbúum og áhugasömum gert kleift að skrá sig á póstlista Ísafjarðarbæjar, og fá þannig vikulega sendar fréttir og viðburði frá sveitarfélaginu. Undir lok árs var opnuð vefsíðan [Lífið í Ísafjarðarbæ](#) sem er lifandi vefur um flest allt sem hægt er að taka sér fyrir hendur í sveitarfélaginu; íþróttir, tómstundir, félagsstarf, menningu, listir, hreyfingu og útivist, auk fyrrnefnds viðburðadagatal.

Ýmissi vefsölu var bætt við vefkerfi sveitarfélagsins, en undir lok árs var sett upp lausn til að kaupa sundkort og skíðakort rafrænt í gegnum [vefsíðu sveitarfélagsins](#) og [vefsíðu skíðasvæðisins](#). Unnið var að umsóknarkerfi fyrir hundaskráningar og sorptunnubreytingar, sem kemst vonandi í gagnid í upphafi árs 2024.

Ísafjarðarbær tók þátt í svokölluðum *Borgað þegar hent er – hraðli* á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga haustið 2022 og hélt verkefnið áfram árið 2023, þar sem önnur sveitarfélög bættust í hópinn og gátu lært af innleiðingu Ísafjarðarbæjar. Fjármálastjóri og sviðsstjóri sátu þá fundi og sáu um fjármálalega innleiðingu nýrra gjalda vegna meðferðar úrgangs.

Önnur verkefni

Fjöldi annarra verkefna og þjónusta er unnin á sviðinu, enda stoðsvið fyrir aðrar stofnanir og svið sveitarfélagsins.

Helstu samningar sem starfsmenn sviðsins höfðu aðkomu að á árinu voru eftirfarandi: Uppfærður stofnframlagasamningur við Stúdentagarða Háskóla Vestfjarða, samningur um Velferðarþjónustu Vestfjarða, styrktarsamningur um fasteignagjöld við Edinborgarhúsið, framlenging samnings við innviðaráðuneytið um verkefnastjórstöðu á Flateyri, verktakasamningur um umsjón og framkvæmd hátíðahalda Ísafjarðarbæjar, árhátíðar og starfsmannadags, nýr samstarfssamningur við Björgunarfélag Ísafjarðar, samningur um rekstur salernisaðstöðu fyrir ferðamenn í Edinborgarhúsi, nýr samningur um líkamsræktaraðstöðu á Ísafirði, endurnýjun á samningi um kaup á tímum í reiðhöll Knapaskjóls, lánasamningar við Lánasjóð sveitarfélaga fyrir bæjarsjóð og hafnarsjóð, og fjöldi annarra samninga fyrir önnur svið sveitarfélagsins

Þá voru ýmsar reglur og samþykktir uppfærðar, þær helstu voru reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka, innkaupareglur sveitarfélagsins, reglur um notkun byggðarmerkis Ísafjarðarbæjar, breytingar á bæjarmálasamþykkt vegna fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu, breytingar á fastanefndum og kosninga í ráð og stjórnir, ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs, breytingar á samþykkt um fráveitu, breytingar á samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og stofngjald fráveitu, auk fjölmargra annarra minni háttar breytinga á reglum annarra sviða.

Sviðið sá um meðhöndlun og eftirfylgni nokkurra kæra til kærunefnda upplýsingamála, kærunefndar um umhverfis- og auðlindamál, og ráðuneyta vegna stjórnarsýslumála, til dæmis byggðakvóta og stjórnvaldsákvarðana, auk úrskurðar Óbyggðanefndar.

Starfsmenn sviðsins sáu einnig um og/eða höfðu aðkomu að ýmsum útboðs- og innkaupamálum, svo sem vegna almenningsgangna, verkframkvæmda ýmiss konar, bílaleigu, lagningu og kaup gervi-grass á Torfnesi, Microsoft-leyfa, prent- og ljósritunarþjónustu, og afsali Gramshúss á Þingeyri. Þá var jafnlaunavottun Ísafjarðarbæjar endurnýjuð veturinn 2023, með úttekt lcert.

MENNINGARMÁL OG ATVINNUMÁL

Safnahús

Í Safnahúsinu á Eyrartúni er Bókasafn Ísafjarðar og Héraðsskjalasafnið á Ísafirði, Ljósmyndasafn Ísafjarðar og Listasafn Ísafjarðar, undir forystu tveggja forstöðumanna.

Húsnæði Safnahússins gengur í gegnum endurnýjun lífdaga þessi misserin. Endurgerð lestrarsalar á 2. hæð Safnahússins var lokið á árinu 2023, með endurnýjun húsgagna og gluggatjalda, auk þess sem lýsing var bætt í húsinu. Allsherjar viðgerð stóð yfir lungann af árinu í kjallara hússins, sem áætlað er að ljúki árið 2024. Mikillar myglu og raka hefur gætt um árábil, sem stafar meðal annars af staðsetningu drenlagna og brunna við húsið. Er nú búið að setja nýjar lagnir, brunna og dælur, auk þess sem gólfíð var rífið upp og veggir slípaðir. Unnið er að setningu hitalagna í gólf, auk þess sem fyrirhugað er að endurnýja vegg, setja upp nýjar bókahillur, útbúa aðstöðu fyrir vinnustofur, fundi og fyrirlestra, auk kaffirýmis. Þá voru keyptir nýir útikastarar, með mismunandi lit í lýsingu, ný hjólastólalýfta, en sú gamla var biluð og ófánlegir varahlutir í hana, og tvær fánastangir við aðalinnganginn. Allt kapp er lagt í að undirbúa húsið fyrir 100 ára afmæli þess árið 2025.

Héraðsskjalasafnið og Ljósmyndasafnið Ísafirði

Á söfnunum starfa sjö starfsmenn, í 4,4 stöðugildum, undir stjórn Guðfinnu Hreiðarsdóttur. Þjónusta safnsins er helst í gegnum tölvupóst, en jafnframt síma og samfélagmiðla. Skjöl eru aðgengileg á lestrarsal safnsins og í gegnum millisafnalán, auk þess sem vísað er á stafræn gögn á vef Þjóðskjalasafns Íslands og annarra skjalasafna. Árið 2023 voru 264 skráðar fyrirspurnir til skjalasafnsins, auk tilfallandi minni fyrirspurna. Afgreiðslur á lessal voru tólf og fjórar beiðnir um millisafnalán.

Alls bárust Skjalasafninu og Ljósmyndasafninu 47 afhendingar á árinu. Afhendingarnar eru af ýmsum stærðum og ástand misjafnt, bæði hvað varðar frágang og ásigkomulag. Vegna skorts á geymsluplássi hefur skjalasafnið ekki getað tekið á móti stærri afhendingum og hafa nokkrar slíkar beiðir hjá skilaskyldum aðilum. Það vandamál leysist hins vegar með tilkomu nýrrar geymslu í Sindragötu 11 og er undirbúningur fyrir móttöku þessara afhendinga hafinn. Með nýju húsnæði var leigu rýmis í Hafnarhúsi á Ásgeirsbakka hætt, þar sem geymsla hefur verið tímabundið síðustu ár.

Skjalasafnið býður upp á ráðgjöf og fræðslu fyrir skilaskilda aðila, en unnið var að nýjum málalykli og skjalavistunaráætlun fyrir leikskólann Sólborg, sem verður fyrirmynd fyrir aðra leikskóla, auk þess sem unnið var að nýjum málalykli fyrir stjórnslu Ísafjarðarbæjar auk ráðgjafar til Vestfjarðastofu. Þá voru haldnir sex fyrirlestrar og kynningar um starfsemi safnsins og ýmiss sagnfræðitengd mál á árinu 2023, auk fjölda minni heimsóknna í Safnahúsið, ýmissa fræðslufunda og ráðstefna starfsmanna.

Listasafn Ísafjarðar

Frá árinu 2022 hefur verið starfandi einn starfsmaður í 35% hlutfalli við Listasafn Ísafjarðar, í stöðu sérfræðings, en starfsemin heyrir undir Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur, forstöðumann Skjala- og Ljósmyndasafnsins. Safnið er staðsett í Safnahúsi á Eyrartúni. Geymslur safnsins voru færðar á árinu 2023 og eru nú í nýrri aðstöðu að Sindragötu 11 á Ísafirði. Á árinu 2023 voru tólf sýningar á vegum safnsins og áætlaður gestafjöldi um 3.100. Sex sýningar voru í sýningarsal Listasafnsins í Safnahúsi, en sex sýningar voru á göngum Safnahússins. Safninu bárust sex málverk að gjöf árið 2023, auk nokkurra styrkja alls rúmlega 2,5 m.kr.

Árið 2023 var farið í það verkefni að staðsetja, ástandsskoða og skrá safnkost Listasafns Ísafjarðar. Safnið býr yfir ágætum safnkosti sem telur um 200 verk og prýðir hluti þeirra húsakynni opinberra stofnana víða í bænum en annað er í geymslu. Hafin var undirbúningsvinna að nýrri skráningu á safneigninni og stefnt að því að nýja skráin verði aðgengileg almenningi. Ástandsskoðun sýndi að nokkuð um skemmdir á verkum safnsins, líklega vegna langvarandi skorti á viðunandi geymsluaðstöðu og umgengni við verk í láni ekki alltaf verið sem skyldi. Viðgerðir eru óumflýjanlegar.

Fræðslu- og safnastarf er sífellt að aukast hjá safninu og árið 2023 var tekið sex sinnum á móti nemendum Lista- og nýsköpunardeildar Menntaskólans á Ísafirði, og í tvö skipti á móti Lýðskólanum á Flateyri, þar sem nemendur fengu leiðsögn um yfirstandandi sýningar. Á árinu voru jafnframt haldin þrjú námskeið fyrir börn og unglinga á vegum safnsins, listasmiðjur og sýningar í lokin. Þátttakendur voru 54 talsins. Í kynningarskygni vegna þessa heimsótti starfsmaður safnsins sex grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum, auk þess að heimsækja þrjú söfn í Reykjavík til fræðslu og endurmenntunar.

Þá var áhersla lögð á miðlun og aukinn sýnileika safnsins, samfélagsmiðlasíður voru opnaðar og vef-síða Safnahússins nýtt betur. Fréttatilkynningar voru sendar á helstu miðla og hafa umfjallanir um sýningarnar birst í ýmsum tímaritum og fréttamiðlum.

Bókasafnið Ísafirði

Á bókasafninu á Ísafirði starfa fimm starfsmenn í 2,55 stöðugildum, undir stjórn Eddu Bjargar Kristmundsdóttur. Safnkosturinn er um 60 þúsund gögn og útlán á árinu 2023 voru um 11.000, þar af var Rafbókasafnið með um 300 útlán. Á árinu 2023 var unnið að uppfærslu heimasíðu bókasafnsins og er vonast eftir því að þeirri vinnu ljúki fljótlega, auk þess sem Facebook-síða safnsins er mjög virk. Langur mánudagur er annan mánudag í hverjum mánuði (ekki yfir sumartímann), þá er opið til kl. 21 og hægt að nota Safnahúsið á óhefðbundinn hátt. *Bókaklúbbur bókasafnsins* er á þessum tíma. Ritlistarhópurinn *Write it out* er með fastan sess og frá hausti hefur Íslenskuspjallhópurinn *Þriðja rýmið* komið saman á þessum mánudegi. Skáksíðdegi hafa verið vikulega frá maí til ágúst og foreldramorgnar með reglubundnum hætti á árinu, auk fyrir óformlegra foreldraheimsókna með ungbörn. *Bókaspjall* var reglulega yfir árið og á *Veturnóttum* var slökunarjoga. Ýmsir aðrir viðburðir voru skipulagðir, s.s. skiptimarkaður með fræ og sáning, bókasýning Eiríks Arnar Norðdahl, Furushiki innpökkun gjafa, vorvaka, höfundaspjall og útgáfufögnuður bókarinnar „Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða og Stranda“. Auk þess var haldinn sumarlestur barna með 45 þátttakendum. Uppskeruhátíð var haldin í lok sumars með lukkumiðaútdrætti, bingó og krapvél. Boðið var upp á páskaföndur, sögustundir á aðventunni, jólapósthús og jólasveinaheimsókn og í vetrarfríi skóla að hausti var boðið upp á föndur, spila og bíó í þrjá daga. Reglulegar heimsóknir skóla- og leikskólabarna eru á bókasafnið, auk Lýðskólans á Flateyri og Háskólanemar frá Háskólasetrinu á Ísafirði.

Kennarar frá grunnskólunum á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri koma á safnið og fá lánaðar bækur fyrir skólana. Gott samstarf er við Blábankann á Þingeyri, þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð, um milligöngu um bókasendingar til og frá Þingeyri fyrir einstaklinga og skóla. Þá fóru starfsmenn safnsins á ýmsa fundi og námskeið bæði innanlands og til Danmerkur.

Önnur menningar- og atvinnumál

Samningur Ísafjarðarbæjar við Kómedíuleikhúsið var endurnýjaður um verkefni hvers árs, aðstöðu í Vallgötu 3 á Þingeyri, og vegna hátíðarinnar ActAlone. Þá var endurnýjaður til eins sumars samningur Koltru um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Þingeyri. Uppfærður rekstrarsamningur var gerður við Hollvinasamtök félagsheimilisins á Suðureyri og við Tinda vegna félagsheimilisins í Hnífsdal, báðir samningar byggðir á gömlum grunni. Þá var unnið að réttri skráningu eignarhalds félagsheimilisins á Flateyri, en Lýðskólinn á Flateyri sagði upp leigu hússins haustið 2023. Næstu skref eru að taka ákvörðun um framtíð hússins.

Veittir voru styrkir til félagasamtaka að fjárhæð um 953.000 kr. vegna fasteignagjalda þrettán félagasamtaka. Tólf styrkir alls að fjárhæð kr. 2.500.000 voru veittir úr Menningarsjóði Ísafjarðarbæjar, fyrir fjölbreytt verkefni, s.s. leiksýningar, tónleikar, bangsagerðarnámskeið, kvikmyndahátíð, listasýningar, tónlistarnámskeiðs o.fl. Þá var veittur styrkur til Aldrei fór ég suður, sem haldið var með pompi og prakt í Skíðavíkunni um páska, þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur 17. júní og í október voru

Veturnætur haldnar, með einstaklega fallegrri ljósainnsetningu. Að lokum voru ljós á jólatrjám tendruð í fjórðunum fjórum um mánaðamótin nóvember/desember.

UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

SKRIFSTOFA UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐS

Á skrifstofu umhverfis- og eignasviðs eru fjögur stöðugildi.

Vöxtur hefur verið í umsvifum sviðsins, meðalfjöldi mála hefur farið úr 15,4 málum á mánuði árið 2020 í 24,8 mál á mánuði árið 2023, samtals 285 mál. Í samantekt mála eru ekki mál sem eru á ábyrgð annarra en tengjast sviðinu, svo sem ýmis útboðsmál og hundahald sem hefur verið á ábyrgð móttökuritará.

Skipulags- og byggingarmál eru að jafnaði mjög tímafrek í vinnslu og reynist starfsmönnum erfitt að finna tíma til frágangs á loknum málum.

Á árinu 2023 var farið í að innleiða fleiri rafræna ferla á sviðinu. Skipulagsgáttin var innleidd og gefur hún tækifæri til að stytta boðleiðir, auka yfirsýn og gagnsæi og koma í veg fyrir tvíverknað við skipulagsreglugerð, umhverfismat og undirbúning framkvæmda. Gáttin er samráðsgátt um skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi. Þar er hægt að finna upplýsingar um öll mál í vinnslu, setja fram athugasemdir og ábendingar við mál á kynningartíma og nálgast endanleg gögn og afgreiðslur. Í gegnum Skipulagsgáttina er aðgengi að skipulags- og umhverfismatsferlum einfaldað og almenningur getur fylgst með og látið sig málin varða milliliðalaust.

Innleiðing rafrænnar byggingargáttar hófst á haustmánuðum 2022 og var verið að sníða vankanta af henni á árinu 2023. Í gáttinni verða öll gögn vegna mannvirkja vistuð, allt frá umsókn um byggingarleyfi til lokaúttektar. Þar verða umsóknir og útgefin byggingarleyfi, öll gögn sem leyfin byggjast á, hönnunargögn, teikningar og skoðunarskýrslur. Þar verður listi yfir löggilta hönnuði, iðnmeistara og byggingarstjóra með starfsleyfi ásamt reglum um gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra, hönnuða og iðnmeistara. Þar verða enn fremur skoðunarhandbækur og verklagsreglur faggiltra skoðunarstofa.

SKIPULAGSMÁL

Skipulags- og mannvirkjanefnd fundar að jafnaði tvisvar í mánuði, á fimmtudögum í annarri og fjórðu viku hvers mánaðar. Skipulagsfulltrúi á umhverfis- og eignasviði er starfsmaður skipulags- og mannvirkjanefndar, en auk þess starfar með nefndinni sviðsstjóri umhverfis og eignasviðs, byggingarfulltrúi og verkefnastjóri. Nefndin fer með bygginga- og skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010, nefndin gerir tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Á fundum nefndarinnar eru tekin fyrir mál er varða skipulagsbreytingar á aðal og deiliskipulagsstigi. Fyrirspurnir varðandi skipulags- og byggingarmál, umsagnir af ýmsu tagi. Útgáfa framkvæmdaleyfa, lóðastofnanir þar sem skipulag liggur ekki fyrir, ásamt málum sem byggingarfulltrúi hefur vísað til nefndarinnar. Þá eru afgreiðslufundir byggingarfulltrúa jafnframt lagðir fram til kynningar í nefndinni.

Á árinu voru 2023 voru haldnir 22 fundir þar sem 245 mál voru afgreidd. Rétt er að taka fram að þetta eru ekki allt einstök mál heldur er fjöldi afgreiðslna á fundum nefndarinnar talinn saman, og getur sama

málið verið talið nokkrum sinnum þar sem sum mál koma til afgreiðslu nefndarinnar á mismunandi stigum málsmeðferðar.

Auglýsingar skipulagsáætlana

Á árinu voru 13 birtingar í B-deild Stjórnartíðinda um gildistöku breytinga og/eða nýrra skipulagstillagna. Að auki birti Skipulagsstofnun sjö auglýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi.

BYGGINGAMÁL

Byggingarfulltrúi annast alla umsjón með afgreiðslu byggingarleyfa, yfirferð aðaluppdráttar og sérteikninga. Hann fer einnig með eftirlit með skráningu byggingarstjóra og í fasteignaskrá, stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir, ásamt því að veita umsagnir um rekstrarleyfi og starfsleyfi auk annarra verkefna sem heyra undir byggingarreglugerð.

Byggingarfulltrúi afgreiðir umsóknir um byggingarleyfi í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Ferli byggingarleyfa er tvískipt. Annarsvegar er farið yfir uppdrætti og fylgigögn skv. skoðunarhandbók HMS., sem hefur samræmt ferli á landsvísu. Byggingarfulltrúi kannar jafnframt hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist skipulagi sem gildir um viðkomandi svæði þar sem fyrirhugað mannvirki á að rísa. Ef svo er er umsækjandi upplýstur um að byggingaráform séu samþykkt eftir yfirferð og að skipulagsskilmálar séu uppfylltir.

Síðari hluti afgreiðslunnar eftir samþykkt byggingaráforma þ.e.a.s. útgáfa byggingarleyfis, á sér stað þegar öllum skilyrðum byggingarleyfis hefur verið uppfyllt samkvæmt byggingarreglugerð.

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa hafa verið mánaðarlega. Þessa fundi sitja alla jafna byggingarfulltrúi ásamt áheyrnarfulltrúa frá eldvarnareftirliti Ísafjarðarbæjar.

Á árinu 2023 voru 11 afgreiðslufundir, 86 afgreiðslur mála.

Í umhverfis- og framkvæmdanefnd voru haldnir 11 fundir og fjöldi mála sem voru afgreidd voru 75 mál.

VIÐHALD OG FRAMKVÆMDIR

VIÐHALD

Árið 2023 var viðburðarríkt bæði í viðhaldi eignarsjóðs sem og í almennum útboðsmálum. Almennt hefur verið uppsöfnuð viðhaldspörf hjá sveitarfélaginu og einkennandi að það eru margir fermetrar um það fjármagn sem er áætlað í málaflokkinn. Sveitarfélagið hefur þó lagt aðeins meiri áherslu á að selja og/eða rífa mannvirki sem eru ekki í notkun. Bakkaskjól við Bakkaveg 19 í Hnífsdal var selt á árinu 2023 og árið áður voru mannvirki rifin í Fjarðarstræti á Ísafirði. Gramsverlun á Þingeyri var ánaðnað til félags til uppgerðar.

Þyngstu viðhaldsverkefni voru meðal annars við Grunnskólann á Suðureyri, þar sem klæðning var fjarlægð, húsið sprunguþétt, ásamt því að það var einangrað að utan með gluggaskiptum. Að lokum var klæðning lögð aftur. Við Grunnskólann á Ísafirði var stærsti útgjaldaliðurinn innkaup á gluggum í gula húsið, þá hlið sem snýr að Austurvegi.

Á Flateyri var gafl íþróttamiðstöðvarinnar einangraður og klæddur með járn, vegna tíðra leka-
vandamála.

Viðhald eignasjóðs var í heild sinni að upphæð 131.627.476 kr., og skiptist svo niður á deildir:

Viðhald eignasjóðs 2023		
31120	Skólahúsnæði Ísafirði	18.731.754
31160	Skólahúsnæði Flateyri	3.084.710
31180	Skólahúsnæði Þingeyri	1.649.987
31190	Skólahúsnæði Suðureyri	46.863.627
31220	Íþróttamannvirki Ísafirði	8.909.326
31260	Íþróttamannvirki Flateyri	16.535.613
31280	Íþróttamannvirki Þingeyri	5.920.323
31290	Íþróttamannvirki Suðureyri	858.563
31320	Þjónustubyggingar Ísafirði	28.752.965
31330	Þjónustubyggingar, innskattanlegar	62.557
31360	Þjónustubyggingar Flateyri	139.796
31380	Þjónustubyggingar Þingeyri	118.255
	Samtals:	131.627.476

ÚTBOÐ OG FRAMKVÆMDIR

Eftirfarandi verkefni voru boðin út árið 2023

- Gatnagerð á Suðurtanga, yfirlag: 9 m.kr.
- Malbik: 77,7 m.kr.
 - Inni í þessari tölu er ekki viðhaldskostnaður fráveitu og vatnsveitu, til dæmis á Suðureyri vegna vatnsleka, malbikun sem keypt var utan útboðs, á einingaverði.
- Gamli Gæsló. tilboð í verkhluta, innkaup á tækjum: 17,75 m.kr.
- Fráveita og hreinsivirki á Flateyri, verkframkvæmd: 23,8 m.kr.
- Hreinsivirki fyrir Flateyri, innkaup: 15 m.kr.
- Dælubrunnar og hreinsistöð á Suðureyri: 34,8 m.kr.
- Bræðratunga/Engjatunga gatnagerð, tilboð verktaka: 17 m.kr.
- Torfnæs æfingavöllur, verkframkvæmd, tilboðsverð: 13,98 m.kr.
- Torfnæs keppnisvöllur, verkframkvæmd, tilboðsverð: 68,5 m.kr.
- Torfnæs gervigras, innkaup, tilboð birgja á æfingavöll og keppnisvöll: 168,87 m.kr.
- Safnahús kjallari, niðurrif: 11,27 m.kr.
- Safnahús, dren: 10 m.kr.
- Hlíf, baðaðstaða: 12 m.kr.
- Hundagerði á Ísafirði: 2,5 m.kr.

SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR

STÖRF SLÖKKVILIÐS ÁRIÐ 2023

Almennt

Hjá slökkviliði starfa fjórir starfsmenn í fullu starfi. Á útkallsskrá slökkvilið eru 26 slökkviliðsmenn á Ísafirði og að auki eru tíu slökkviliðsmenn á útstöðvum á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Alltaf er bakvaktarmaður til staðar fyrir allar starfseiningar.

Slökkviliðið er með þjónustusamning við slökkvilið Bolungarvíkur og Súðavík. Þar er starfi slökkviliðs-stjóra og þjálfunarstjóra, ásamt eldvarnareftirliti sinnt.

Allar starfseiningar slökkviliðs taka eina æfingu í mánuði undir stjórn þjálfunarstjóra.

Heimsóknir eru alltaf þó nokkrar til slökkviliðsins, sérstaklega yfir sumarið. Þá koma gestir af skemmtiferðaskipum, flestir af þeim eru slökkviliðsmenn eða fyrrverandi slökkviliðsmenn.

Sjúkraflutningar

Slökkvilið er með samning um sjúkraflutninga við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og er sjúkraflutninga-svæði frá botni Ísafjarðar að fossinum Dynjanda í botni Arnarfjarðar. Sjúkrabílastöðvar eru tvær, á Ísafirði, þar sem eru þrjár sjúkrabílar, og á Þingeyri þar sem er einn sjúkrabíll. Alltaf eru tveir menn á bakvakt vegna sjúkraflutninga.

Heilsueftirlit

Heilsueftirlit slökkviliðsmanna er undir stjórn hjartasérfræðings og eru allir slökkviliðsmenn teknir í blóðprufu, læknisskoðun og hjartalínurit. Heilsuefning er að aukast og læknisskoðun að verða viðameiri hjá öllum starfsmönnum. Reykafarar skulu standast þrekpróf sem tekið er af þjálfara slökkviliðs og fá þá greitt þrekálag.

Slökkvilið æfir undir stjórn þjálfara í Stöðinni heilsurækt og einnig í sundlaugum bæjarins.

Eldvarnareftirlit

Auknar kröfur eru gerðar á eldvarnareftirlitsmenn og fasteignaeigendur. Árlega er gefin út skoðunar-áætlun og eru fyrirtæki heimsótt og skoðuð. Sum á hverju ári en önnur á fjögurra ára fresti, það fer eftir hvaða starfsemi er rekin í fasteigninni og hversu margir starfsmenn og eða gestir geta verið í rýminu í einu. Umsóknir sem berast frá sýslumanni skipta tugum á ári. Góð samvinna er á milli slökkviliðsins og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar, byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Eflu verkfræðistofu.

Slökkvitækjaþjónusta

Slökkvilið yfirfer allar tegundir af slökkvitækjum og selur eldvarnarbúnað til fyrirtækja og heimila.

Bíla- og húsnæðismál

Bílamál eru í skoðun nánast alla daga en þörf er á endurnýjun bæði á þjónustubílum og stórum slökkvibílum. Fyrir liggur endurnýjun á þjónustubílum slökkviliðs. Húsnæðismál slökkviliðs eru í skoðun, en aðkallandi er að byggja nýja slökkvistöð.

HAFNASJÓÐUR

HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Hjá höfnum Ísafjarðarbæjar starfa 12 starfsmenn í 10,5 stöðugildum undir stjórn Hilmars K. Lyngmo, hafnarstjóra. Þar af eru þrír starfsmenn á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Vaktarsími er til staðar á öllum stöðunum.

Töluverð aukning er á bátum sem þjónusta ferðamenn meðal annars hvalaskoðun og fleira. Einnig er veruleg aukning á fyrirtækjum sem bjóða upp á afþreyingu fyrir farþega skemmtiferðaskipa og nýta aðstöðu á höfninni.

Skemmtiferðaskip

Árið 2023 voru 187 skemmtiferðaskipakomur hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, með um 184.000 farþega. Tekjur hafnasjóðs af þeim voru um 458 milljónir.

Landanir

Landaður sjávarafli var samtals 17.143 tonn hjá höfnum Ísafjarðarbæjar árið 2023 sem skiptist svo:

Höfn	Landaður sjávarafli
Flateyri	664 tonn
Ísafjörður	10.360 tonn
Suðureyri	4.109 tonn
Þingeyri	2.010 tonn

Þá var 3.608 tonnum af eldisfiski landað í Ísafjarðarhöfn og 3.500 tonn af rækju flutt inn að auki.

Vöruflutningar

Vöruflutningar um hafnir Ísafjarðarbæjar voru 18.645 tonn sem skiptist svo:

Innflutningur	6.472 tonn
Útflutningur	10.031 tonn
Strandflutningur	2.142 tonn

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar árið 2023

Yfirlit fjárfestinga Ísafjarðarbæjar 1. janúar–31. desember 2023 í þúsundum króna.

Verkefni	Framkvæmd — Bókað á tímabilinu	Upphafleg fjárhags- áætlun verks	Viðaukar: Fjár- heimild —Breyting á tímabilinu	Viðaukar: Fjár- heimild — Staða lok tímabils	Mismunur á bókun og áætlun
A-hluti					
32 Eignasjóður:					
01 Ofanflóðavarnir	5.074	0	4.000	4.000	-1.074
02 Húsn. og lóðir	25.371	35.000	3.000	38.000	12.629
03 Leikskólar	4.705	22.000	-18.500	3.500	-1.205
04 Íþróttamannvirki	156.882	95.000	55.500	150.500	-6.382
06 Gatnagerð	42.633	85.000	0	85.000	42.367
06 Gatnagerðagjöld	-6.098	-24.000	0	-24.000	-17.902
07 Tækjakaup	3.925	0	1.500	1.500	-2.425
08 Opin svæði	23.365	34.000	9.500	43.500	20.135
99 Ófyrirséð	1.557	20.000	-20.000	0	-1.557
32 Samtals eignasjóður	257.413	267.000	35.000	302.000	44.587
34 Þjónustumiðstöð	20.333	13.000	0	13.000	-7.333
Samtals A-hluti	277.747	280.000	35.000	315.000	37.253
B-hluti					
42 Hafnarmannvirki	346.650	240.000	135.400	375.400	28.750
44 Vatnsveita	25.309	59.000	-25.500	33.500	8.191
52 Eyri	6.444	2.500	0	2.500	-3.944
54 Þjónustuíbúðir	6.234	12.000	0	12.000	5.766
62 Fráveita	67.856	46.500	-9.500	37.000	-30.856
64 Funi	6.172	15.000	0	15.000	8.828
Samtals B-hluti	458.666	375.000	100.400	475.400	16.734
Samanlagt A og B	736.413	655.000	135.400	790.400	53.987

